

Í frumvarpinu er lögð til eftirfarandi tillaga að breytingum/viðbót við a-lið 1. mgr. 1. gr.:

„Uppfinningar á öllum tæknisviðum eru einkaleyfishæfar.“

Ekki er gerð athugasemd við tillöguna heldur það að hér er sett fram nýtt hugtak í skilningi einkaleyfalaga þ.e.a.s. „**tæknisvið**“. Í þessari sömu grein er skilgreining sem standa mun áfram en þar segir að hægt sé að fá einkaleyfi á uppfinningum „*sem hagnýta má í atvinnulífi*“. Í TRIPS-samningnum segir:

Subject to the provision of paragraphs 2 and 3 patents shall be available for any inventions, whether products or processes, **in all fields of technology**, provided that they are new, involve an inventive step and are capable of industrial application.

Telja verður að það leiki nokkur vafi á þýðingu þessarar breytingartillögu sérstaklega í ljósi umfjöllunar í greinargerðinni en þar segir:

Breytingin er í samræmi við 1. mgr. 27. gr. samningsins um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS-samningsins) sem tengist Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO). Ekki er um að ræða breytingu á framkvæmd en lagt er til að þessu verði bætt við greinina í þeim tilgangi að ná samræmi við TRIPS-samninginn og 52. gr. evrópska einkaleyfasáttmálans Þá verður einnig að telja til bóta að taka af allan vafa í þessum efnum.

Framsetning þessi verður að teljast óljós og getur ekki talist uppfylla þær kröfur sem almennt verður að gera til umfjöllunar um breytingar á grundvallarákvæði einkaleyfalaga. Fram kemur að ekki sé um að ræða breytingar á framkvæmd (hvað er átt við með því?). Hér skiptir miklu hvort átt er við framkvæmd hér á landi eða í Evrópu en þó er tekið fram að það verði einnig að telja til bóta að taka af allan vafa í þessum efnum (hvaða vafi er það ef ekki er um að ræða neinar breytingar á framkvæmd?). Þegar fjallað er um framkvæmd verður að hafa í huga að framkvæmd hér á landi getur með engu móti talist fullnægjandi viðmið um hver raunveruleg framkvæmd sé, einfaldlega vegna þess að umsóknir eru svo fáar. Aðeins eru lagðar inn um 400 umsóknir árlega hérlendis en til samanburðar voru á síðasta ári lagðar inn rúmlega 160.000 umsóknir um Evrópueinkaleyfi.

Í 1. og 2. gr. laga um einkaleyfi er inntak einkaleyfisverndarinnar skilgreint. Viðbætur og/eða breytingar á þeim greinum verða að vera vandlega ígrundaðar.

Tillaga:

Lagt er til að bætt verði úr þessu með nánari skýringum á hinu nýja hugtaki **tæknisvið** í greinargerð.

6. gr. (breyting á 8. gr. laganna)

Stjórn FUVÉ telur rétt að vekja athygli á tillögu þeirri sem felst í b-lið 4. mgr. en þar segir:

Nafn uppfinningamanns skal tilgreint í umsókn. **Sé umsækjandi annar en uppfinningamaður skal koma fram í umsókn með hvaða hætti umsækjandi hafi öðlast rétt til uppfinningar.** Einkaleyfayfirvöld geta krafist gagna sem sanna rétt umsækjanda til uppfinningar (leturbreyting FUVÉ).

Í núgildandi lögum er sambærilegt ákvæði með eftirfarandi hætti:

Nafn uppfinningamanns skal tilgreint í umsókn. **Sé umsækjandi annar en uppfinningamaður skal umsækjandi sanna rétt sinn til uppfinningarinnar.**
(leturbreyting FUVÉ)

Vísað er í breytingu á PCT sáttmálanum í greinargerð. Rétt er að skýra nákvæmlega um hvaða breytingu er að ræða.



Hafa ber í huga að ekki er í gildi hér á landi sérstök löggjöf um réttinn til uppfinninga þeirra sem starfa í þjónustu annarra eins og raunin er í öllum nágrannaríkjum okkar. Þegar lagðar eru til breytingar á kröfum/skilyrðum er lúta að samskiptum uppfinningamanna og umsækjanda, sé hann annar en uppfinningamaðurinn verður að taka tillit til þessara sérstöku aðstæðna.

Tillaga:

Lagt er til að nánar verði fjallað í greinargerð um hvaða kröfur eru gerðar til sönnunar.

7. gr. (breyting á 22. gr. laganna)

Gerð er athugasemd við orðalagið ... "sýni af líffræðilega efninu verði aðeins afhent **sérfræðingum.**" Mikilvægt er að tekin verði af öll tvímæli um að um **óháða sérfræðinga** sé að ræða enda er það í samræmi við nákvæmt orðalag 4. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar. Að öllum líkindum er um mistök eða ónákvæmni við þýðingu að ræða en nauðsynlegt er að þetta verði leiðrétt. Í þessu sambandi er rétt að leggja áherslu á að með því að skilgreina að um óháða sérfræðinga sé að ræða er komið í veg fyrir að t.d. samkeppnisaðilar geti á því tímabili sem um ræðir fengið sýni afhent.

Einnig þarf að samræma aðrar tilvísanir í sérfræðing í sömu grein.

Sjá sérstaklega b-lið 2. tl. 13. gr. IV. kafla líftæknilskipunarinnar.

Tillaga:

Lagt er til að orðinu **óháðum** verði bætt framan við orðið sérfræðingum þannig að með skýrum hætti verði vísað til **óháðra sérfræðinga**.

8. gr. (breyting á 46. gr. laganna)

Í 2. málsli. 1. mgr. 8. gr. segir:

Nauðungarleyfi skal aðeins veita ef yrkishafi sýnir fram á að yrkið feli í sér tæknilega mikilvægt framfaraspor og hafi verulegan ábata í för með sér.

Þarna virðist vanta setninguna „í samanburði við uppfinninguna í einkaleyfinu.“

Í 46.a gr. dönsku laganna segir:

En sortsejer, der ikke kan opnå eller udnytte en plantenyhedsbeskyttelse uden at krænke et ældre patent, kan ansøge om tvangslicens til udnyttelse af opfindelsen, hvis tvangslicensen er nødvendig for udnyttelsen af den sort, der skal nyhedsbeskyttes, og mod betaling af en rimelig licensafgift. Tvangslicens meddeles kun, hvis sortsejeren godtgør, at sorten udgør et vigtigt teknisk fremskridt af væsentlig økonomisk betydning **i forhold til opfindelsen.** (Leturbreyting FUVÉ).

Í 12. gr. lið 3 b í tilskipuninni segir:

að plöntuyrkið eða uppfinningin marki mikilvægt, tæknilegt framfaraskref sem hefur verulega efnahagslega þýðingu í samanburði við uppfinninguna, sem tilkall er gert til í einkaleyfinu, eða **í samanburði við verndaða plöntuyrkið.** (Leturbreyting FUVÉ).

Athugasemdir er varða þýðingar og tilvísanir í erlenda samninga og sáttmála

Í síðasta málslið tillögu að 6. mgr. 1. gr. segir:

Með líffræðilegu efni í lögum þessum er átt við efni sem hefur að geyma upplýsingar um erfðaeefni og getur fjölgað sér sjálft eða unnt er að fjölga í líffræðikerfi. (Leturbreyting FUVÉ).



Hér er að mati stjórnar FUVÉ um að ræða ónákvæmni í þýðingu og mun réttara að segja **erfðaupplýsingar** eins og gert er í þýðingu tilskipunarinnar.

Þó svo að hér virðist aðeins vera um að ræða saklausan blæbrigðamun þá verður að telja verulegan mun á túlkun hugtakanna "upplýsingar um erfðaeefni" eða "erfðaupplýsingar".

Upplýsingar um erfðaeefni geta verið nánast hvaða upplýsingar sem er um erfðaeefni, svo sem eins og t.d. hvaðan efnið kemur.

Erfðaupplýsingar á hinn bóginn eru upplýsingarnar sem felast í erfðaeefninu sjálfu, þ.e.a.s. samsetning þess og nákvæmar upplýsingar um hvað það er sem gengur í erfðir.

Tillaga:

Í stað

Með líffræðilegu efni í lögum þessum er átt við efni sem hefur að geyma upplýsingar um erfðaeefni og getur fjölgað sér sjálft eða unnt er að fjölga í líffræðikerfi.
(Leturbreyting FUVÉ).

komi:

Með líffræðilegu efni í lögum þessum er átt við efni sem hefur að geyma **erfðaupplýsingar** og getur fjölgað sér sjálft eða unnt er að fjölga í líffræðikerfi.

Í þessu sambandi er ástæða til að benda á að víða í frumvarpinu eru þýðingar á hugtökum sem áður hafa verið þýdd í tilskipuninni en með allt öðrum hætti. Nokkur dæmi um þetta eru:

Í 1. mgr. d-liðs 1. gr. frumvarpsins stendur *plöntu- né dýraafbrigðum* en *plöntuþyrkjum* eða *dýraafbrigðum* í tilskipuninni.

Í 3. mgr. d-liðs 1. gr. frumvarpsins stendur *upplýsingar um erfðaeefni* en *erfðaupplýsingar* í tilskipuninni.

Í 3. mgr. d-liðs 1. gr. frumvarpsins stendur *líffræðikerfi* en í tilskipuninni *líffræðilegt kerfi*.

Í 2. mgr. 2. tölul. 3. gr. frumvarpsins stendur *erfðaeiginleikum kynfrumna manna* en í tilskipuninni *erfðaaauðkennum kímlínu manna*.

Í 2. mgr. 4. tölul. 3. gr. frumvarpsins stendur *eru líklegar til að valda* en í tilskipuninni stendur *geta valdið*.


Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins stendur *dýr* en *búfé* í tilskipuninni.


Æskilegt er að samræma hugtakanotkun í frumvarpinu við þýðingu á tilskipuninni til að valda ekki hættu á réttaróvissu. Ekki er tekin afstaða til þess hvor þýðingin er betur unnin og/eða nákvæmari en ef einhverju munar þyrfti að gera grein fyrir því hvers vegna valin er önnur þýðing í frumvarpinu. Dýr og búfé eru t.d. mjög ólík hugtök a.m.k. í skilningi einkaleyfalaga. Einnig er t.d. munur á að „geta valdið“ og „líklegar eru til að valda“.


Að lokum er ítrekaður stuðningur stjórnar FUVÉ við frumvarpið og undirstrikað að ofangreindar athugasemdir varða í því samhengi minniháttar atriði þó svo að efnislega telji stjórn FUVÉ að þær geti haft þýðingu.

Í ljósi þess að frumvarpið hefur nú verið lagt fyrir Alþingi höfum við sent afrit af erindi þessu til iðnaðarnefndar Alþingis.

Stjórn Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa


Valborg Kjartansdóttir,


Gunnar Örn Harðarson,


Gústaf Þór Tryggvason